



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

## STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 07.03.2020

Kl.: 17:30

Staðsetning: Samhæfingarstöð/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

### Neyðarstig vegna COVID-19

#### Lýsing á atburði dagsins

Í dag hafa greinst fimm ný smit af veirunni sem veldur COVID-19 sjúkdómi. Þrjú þeirra eru innlend og má rekja þau til einstaklinga sem voru á hættusvæðum erlendis. Hin tilfellin eru bæði rakin til ferðalaga á skilgreindum hættusvæðum. Tveir þeirra eru á þrítugsaldri, einn á fertugsaldri, einn á fimmtugsaldri og einn á áttræðisaldri. Allir búa á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi smitaðra er því orðinn fimmtíu talsins, þar af eru sjö innanlandssmit.

Nú hafa samtals hafa 484 sýni verið greind þar af 42 í dag. Á fjórða hundrað einstaklinga voru í sóttkví á hádegi í dag.

Í sóttvarnarhúsi á Rauðarárstíg dvelja tveir erlendir ríkisborgarar. Sýni var tekið úr öðrum þeirra í dag og reyndist það neikvætt. Hinn einstaklingurinn sýnir engin einkenni COVID-19 sjúkdómsins.

Leiðbeiningar Embættis landlæknis fyrir einstaklinga með áhættuþætti fyrir alvarlegri sýkingu COVID-19 er hægt að nálgast á vef landlæknis (sjá neðar í skýrslunni).

Ríkislögreglustjóri lýsti í gær yfir neyðarstigi almannavarna í samráði við sóttvarnalækni vegna kórónaveiru (COVID-19) eftir að fyrstu smit innanlands voru staðfest. Virkjun neyðarstigs hefur ekki teljandi áhrif á almenning umfram hættustig, sem varað hefur frá 28. febrúar sl. Ekki hefur verið lagt á samkomubann.

Á upplýsingafundi Almannavarna og Embættis landlæknis með fjölmíðlum í dag var áréttað að starfsfólk sem vinnur með og sinnir einstaklingum með áhættuþætti ættu að forðast fjölmenn mannamót.

Á upplýsingafundinum ræddi Óskar Reykdalsson forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins aukna getu heilsugæslunnar til að svara fyrirspurnum, sérstaklega í gegnum síma og á [www.heilsuvera.is](http://www.heilsuvera.is). Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir fjallaði um stöðu og þróun mála hér á landi sem og erlendis og Alma Möller, landlæknir, fjallaði um leiðbeiningar fyrir einstaklinga með áhættuþætti fyrir alvarlegri sýkingu COVID-19. Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn fór yfir yfirstandandi verkefni almannavarna.

## Staða mála

### Ísland - staðan í dag

Uppruna smita á Íslandi er bæði að finna innanlands og erlendis (á Norður-Ítalíu og í Austurríki). Uppruni smita dreifist eftirfarandi:

Uppruni smita	Fjöldi
Innanlands	7
Erlendis	43
<b>Samtals</b>	<b>50</b>

Fjöldi einstaklinga í úrræði:

Úrræði	Fjöldi
Einangrun	50
Sóttkví	361
<b>Samtals</b>	<b>411</b>

Smitranssóknateymi almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og sóttvarnalæknis hefur haft samband við einstaklinga í sóttkví. Þeir hafa notið liðsinnis heilbrigðisstarfsmanna frá Landspítala.

Fólk í sóttkví samkvæmt landsvæðum:

Sóttkví	Fjöldi
Höfuðborgarsvæði	321
Suðurnes	7
Vesturland	6
Norðurland	15
Austurland	4
Suðurland	8
<b>Samtals</b>	<b>361</b>

### Upplýsingamiðlun:

- Leiðbeiningar fyrir einstaklinga með áhættuþætti fyrir alvarlegri sýkingu COVID-19 er hægt að nálgast á vef Landlæknis. [Leiðbeiningar fyrir berskjaldaða einstaklinga](#)

### Framundan:

- Næsti upplýsingafundur fyrir fjölmiðla er áætlaður á mánudaginn 9. mars kl. 14:00.
- Næsti stöðufundur í Samhæfingarstöð almannavarna verður á mánudaginn 9. mars kl. 9:00.

## Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá um 105.479 einstaklingum og um 3.555 einstaklingar hafa látist (3,4%). Samkvæmt [John Hopkins](#) hafa 58.354 einstaklegar náð sér eftir veikindin. ECDC hefur breytt áhættumati sínu yfir í að faraldurinn geti orðið meðalstór eða mikil lýðheilsuógn. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu](#) (ECDC) varðandi þróun mála. [Sjá áhættumat ECDC.](#)

Kína, Suður-Kórea, Íran, Ítalía og skíðasvæðið Ischgl í Austurríki (frá og með 29. febrúar 2020) eru skilgreind áhættusvæði vegna COVID-19. Allir þeir sem hafa fasta búsetu á Íslandi sem koma frá þessum svæðum – þó svo að þeir fljúgi frá flugvöllum sem ekki eru á skilgreindu áhættusvæði – þurfa að fara í 14 daga sóttkví. Tíu einstaklingar eru í sóttkví á Tenerife. Þeir koma að líkindum til landsins á laugardaginn (7.3.2020) eftir 12 daga sóttkví þar í landi og klára sína sóttkví hér. Sóttkvíin á Tenerife er á ábyrgð spænskra stjórnvalda.

Danir hafa hækkað aðvörunarstig verða ferða til Frakklands, Þýskalands, Spánar og Austurríkis úr grænu í gult í 2, sem þýðir sýnið mikla aðgætni. Eins hafa þeir hvatt til þess að samkomum með fleiri en 1.000 þátttakendum verði frestað út mars. Fjölmargar alþjóðastofnanir hafa sent tilkynningu um frestun á stórum fundum, boðað til fjárfundir eða sett á fjöldatakmarkanir.

<b>Evrópa, Bandaríkin og Kanada</b>	<b>Tilfelli</b>	<b>Dauðsföll</b>
<b>Heimild ECDC 7. mars kl. 08:00</b>		
Ítalía	4636	197
Þýskaland	684	0
Frakkland	613	9
Spánn	374	5
Sviss	209	1
Bretland	163	1
Svíþjóð	137	0
Holland	128	1
Noregur	113	0
Belgía	109	0
Austurríki	74	0
Grikkland	45	0
Ísland	43	0
Danmörk	23	0
San Marínó	23	1
Tékkland	19	0
Finnland	19	0
Írland	18	0
Portúgal	13	0
Króatía	11	0

Eistland	10	0
Rússland	10	0
Aserbaídsjan	9	0
Georgía	9	0
Rúmenía	7	0
Hvíta-Rússland	6	0
Pólland	5	0
Ungverjaland	4	0
Norður-Makedónía	3	0
Bosnía og Hersegóvína	2	0
Andorra	1	0
Armenía	1	0
Vatikanið	1	0
Lettland	1	0
Liechtenstein	1	0
Litháen	1	0
Mónakó	1	0
Serbía	1	0
Slóvakía	1	0
Úkraína	1	0
Bandaríkin	233	14
Kanada	45	0